

## Aðalfundur Dvalarheimilis aldraðra sf. í Þingeyjarsýslum

Aðalfundur Dvalarheimilis aldraðra sf. í Þingeyjarsýslum var haldinn miðvikudaginn 14. júní 2017 kl. 14:00 í húsnæði félagsins, Vallholtsvegi 17, Húsavík (salur í Miðhvammi) samkvæmt ákvörðun stjórnar þann 25. maí 2017.

Jón Helgi Björnsson framkvæmdastjóri DA sf. setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Því næst lagði hann til að Kristján Þór Magnússon yrði skipaður fundarstjóri, var það samþykkt samhljóða og tók hann við stjórn fundarins. Því næst var Margrét Hólm Valsdóttir skipuð ritari.

Fundarstjóri kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundarins og svo var ekki.

### **Dagskrá:**

#### **1. Venjuleg aðalfundarstörf**

- a) skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi liðins árs  
Jón Helgi Björnsson kynnti skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra.
- b) ársreikningar ásamt skýrslu endurskoðanda  
Rúnar Bjarnason endurskoðandi kynnti ársreikning dvalarheimilisins. Þar kom m.a. eftirfarandi fram:

#### *Rekstrarreikningur*

Tekjur	451.107.737,-
Gjöld	-441.743.764,-
Afskriftir	-18.212.189,-
<u>Fjármunagjöld</u>	<u>-20.241.352,-</u>
Afkoma ársins	-29.089.733,-

#### *Efnahagsreikningur*

Fastafjármunir	435.479.901,-
<u>Veltufjármunir</u>	<u>57.502.536,-</u>
Eignir samtals	492.982.437,-

Eigið fé	-76.071.585,-
<u>Skuldir</u>	<u>569.054.022,-</u>
Samtals eigið fé og skuldir	492.982.437,-

#### *Sjóðstreymi*

Handbært fé til rekstrar	-27.136.005,-
Handbært fé í árslok	11.010.939,-

c) fjárhagsáætlun 2017

Jón Helgi fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2017.

Að loknum umræðum voru ársreikningur og fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

d) kosning stjórnar og varastjórnar

Eftirfarandi tillögur að stjórn var lagðar fram og samþykktar samhljóða:

Stjórn:

Kristján Þór Magnússon, Drífa Valdimarsdóttir og Erna Björnsdóttir frá Norðurþingi, Arnór Benónýsson frá Þingeyjarsveit, Sigurður G. Böðvarsson frá Skútustaðahreppi og Steinþór Heiðarsson frá Tjörneshreppi.

Varastjórn:

Trausti Aðalsteinsson, Hjálmar Bogi Hafliðason og Olga Gísladóttir frá Norðurþingi, Dagbjört Jónsdóttir frá Þingeyjarsveit, Þorsteinn Gunnarsson frá Skútustaðahreppi og Smári Kárason frá Tjörneshreppi.

e) kosning eins löggilts endurskoðanda og endurskoðunarfélags

Tillaga um Rúnar Bjarnason og PWC lögð fram. Samþykkt samhljóða.

f) ákvörðun um laun stjórnarmanna og endurskoðanda

Tillaga um óbreytt fyrirkomulag. Samþykkt samhljóða.

**2. Önnur mál löglega fram borin**

Engin önnur mál borin upp.

Fundi slitið kl. 14:47.

Fundarritari: *Margrét Hólm Valsdóttir*